

## Gegn stríði - útifundur á Lækjartorgi.

Pri, 12/04/2011 - 23:52 | [Ýmsir](#)

**Fimmtudaginn 14. apríl klukkan 17:00 verður útifundur á Lækjartorgi.** Látum í ljós óánægju okkar! Sökum aðildar Íslands að NATO erum við nú, á vormánuðum árið 2011, þáttakendur í þremur stríðum.

Á þessu ári á nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar að skila niðurstöðum um aðdraganda stuðnings Íslands við innrásina í Írak. Krafist er afléttingar leyndar skjala sem leiddu til stuðnings okkar við stríðið og að þau verði gerð opinber. Krafa okkar fyrir þetta stríð er engu minni: Við krefjumst þess að öll gögn sem Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra og fulltrúar í utanríkismálanefnd Alþingis höfðu aðgang að og byggðu stuðning sinn við ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna á, verði þegar í stað gerð opinber.

Geðþóttaákvörðanir stjórnvalda eru brot á mannréttindum og því er áriðandi að almenningur geti lagt sjálfstætt mat á það hvort að nú líkt og áður hafi kjörnir fulltrúar byggt ákvörðun sína um stuðning við loftárásir á einkahagsmunum.

Mælendur verða:

**Lárus Páll Birgisson**

**Sólveig Anna Jónsdóttir**

**Kristín Ómarsdóttir**

**María S. Gunnarsdóttir**

Hvar: **Lækjartorg**

Hvenær: **fimmtudaginn 14.apríl**

Klukkan hvað: **kl. 17:00**

- [Alþjóðamál](#)
- [Fundir](#)

## Gegn stríði - útifundur á Lækjartorgi.

Published on Attac á Íslandi (<http://attac.is>)

---

### Source URL:

<http://attac.is/greinar/gegn-str%C3%AD%C3%B0i-%E2%80%93-%C3%BAtifundur-%C3%A1-l%C3%A6kjartorgi>